



Dagur íslenskrar tungu
mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsögötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 7. október 2015

Ágæti viðtakandi.

Dagur íslenskrar tungu
16. nóvember

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta sinn mánudaginn 16. nóvember 2015.

Þá skal draga fána að hún á húsum opinberra stofnana.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota 16. nóvember, eða dagana þar í kring, til að hafa íslenskuna alveg sérstaklega í öndvegi.

Hægt er að minnast dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, leikþáttum, útgáfu, verðlaunum, viðurkenningum, handritasýningum, bóka- og rithöfundakynningum, tónlistarflutningi og samkomum af ýmsu tagi.

Minnt er á vefinn www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/ og síður dags íslenskrar tungu á Facebook og Twitter.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2015. Þeir sem vilja kynna viðburði sína á vef dags íslenskrar tungu eru hvattir til að senda upplýsingar á netfangið dagur.islenskrar.tungu@hi.is. Þangað má jafnframt beina fyrirspurnum um hvað eina sem varðar hátíðisdaginn.

Með vinsemd og virðingu,

Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum

1. Name of the person
2. Address
3. City
4. State
5. Zip



10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010


10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010

10/10/2010



10/10/2010

10/10/2010